

Kollafirði 19.11.2020

Fyrirspurn til Íbúaráðs Kjalarness v. aðalskipulags.

Á rafrænum kynningarfundum Reykjavíkurborgar í gær var Kjalarnes hvergi á neinum kortum að tillögum til borgarhlutans. Þetta kom mér sem íbúa verulega á óvart enda á aðalskipulag sveitarfélags að ná yfir allt landsvæði sveitarfélags sbr. skipulagslög.

Athugasemdir þurfa að berast fyrir 27.nóvember, því er spurning mín : **Hvenær og hvernig ætla íbúaráð og íbúasamtök að hafa samráð við íbúa til sameiginlegra athugasemda vegna Aðalskipulagsins sem gilda á til 2040 ?**

Ýmis mál hafa verið til umræðu um langa hríð í borgarhlutanum hvað skipulag varðar eins og t.d. Sundabraut, styrking byggðakjarna hverfisins (eins og fram kemur í Kjalarnes skýrslunni sem nú er til umjöllunar), Álfsnes og Esjumelar.

Einn af viðaukum við Aðalskipulagið er ESJUMELAR, þar sem festa á breytingu á deiliskipulagi Esjumela þar sem svæðinu hefur verið breytt úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði. Sú breyting felur í sér að svæðinu hefur verið breytt úr svæði fyrir léttan iðnað, vörugeymslur og aðra léttu þrifalega þjónustu í svæði fyrir stærri og mengandi starfsemi. Nú hefur t.d. Malbiksstöðin hafið starfsemi sína og væntanleg er Malbikunarstöðin Höfði sem er mun stærri. Einnig stefnir Íslenska Gámafélagið á flutning inná Esjumela frá Gufunesi með tilheyrandi moltugerð utandyra.

Raunveruleg kynning og samráð við nágranna að þessum deiliskipulagsbreytingum hafa ekki farið fram. Breytingarnar eru miklar og íþyngjandi fyrir bæði nágranna svæðisins og hafa neikvæð áhrif fyrir útivistarsvæði borgarinnar við Esjuna.

Í skipulagslögum nr 123/2010 og reglugerð nr. 90/2013 er rík áhersla lögð á kynningar bæði á deiliskipulagsstillögum og

Aðalskipulags til íbúa og nágretta þeirra svæða sem skipulagið nær til.

SKIPULAGSREGLUGERÐ NR. 90/2013

5.6. gr.

Kynning og auglýsing deiliskipulagstillögu.

5.6.1. gr.

Kynning deiliskipulagstillögu.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti, svo sem með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli og/eða með dreifibréfi. Ef tillagan varðar hagsmunaaðila utan sveitarfélagsins skal birta auglýsingu um kynninguna í blaði sem dreift er á landsvísu og/eða í útvarpi, sjónvarpi eða á annan fullnægjandi hátt. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá kynningu ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi. Í kynningargögnum skal koma fram ef samhlíða er auglýst breyting á aðalskipulagi. Í endanlegri greinargerð skal gera grein fyrir niðurstöðum þeirrar málsmeðferðar.

Ég sem næsti nágretti iðnaðarsvæðisins harma að samráð og kynning hafi ekki farið fram á vegum borgarinnar á breyttu deiliskipulagi Esjumela né nú á Aðalskipulagi eins og gert var 2016 þegar upphaflegt deiliskipulag Esjumela var kynnt á fjölmönnum íbúafundi um athafnasvæði (léttan þrifalegan iðnað). Á þeim sama fundi voru einnig kynnt áform um að iðnaðarsvæðið yrði á Álfsnesi, en ekki á Esjumelum.

Í rauninni eru íbúar þessa svæðis Kjalarness nú þegar búnir að fá sig fullsadda af lyktarmengun frá Sorpu og mengun m.a. hljóðmengun frá skotsvæðunum á Álfsnesi. En enn er ætlunin að bæta við með breyttu deiliskipulagi Esjumela.

Við þurfum sameiginlega að móta okkar tillögur og senda inn athugasemdir fyrir 27.nóvember nema við viljum enn vera hinn þögli minnihluti Reykjavíkurborgar og láta allt það sem áður er nefnt yfir okkur ganga.

Ég óska eftir að fyrirspurn mín verði bókuð í fundargerð þessa fundar.

Virðingarfyllst,
Sigríður Ingólfisdóttir
Arnarhóli 2
162 Reykavík